

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**20. desember 2022**

**Greinargerð borgarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands við umræðu um  
fram tíðarþjónustu við eldra fólk í Reykjavík**

Sósíalistasflokkur Íslands óskar eftir umræðu um fyrirkomulag stuðningsþjónustu og mikilvægi þess að tryggja að hún nái að sinna fjölbreyttum þörfum þeirra sem þurfa á henni að halda. Í reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.-27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Markmið stuðningsþjónustu er að leiðbeina, styðja og þjálfa notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfir og verið félagslega virkir. Stuðningurinn byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf. Fulltrúar Sósíalistasflokksins óska eftir umræðu um þessi mál í tengslum við fjölbreyttar þarfir eldri borgara líkt og heimaþjónustu og þríf, hvernig þörf er metin og hversu oft stuðningur er veittur inn á heimili.